

Samanburður á fjölda tilkynninga til
barnaverndarþjónusta á fyrstu sex
mánuðum áráanna 2021 - 2023

Mars 2024

Við lok árs 2021 var Barnaverndarstofa lögð niður og ný stofnun, Barna- og fjölskyldustofa, tók við. Mánaðarlega skiluðu barnaverndarþjónustur¹ sískráningu tilkynninga, þ.e. tölulegum upplýsingum varðandi tilkynningar, til Barnaverndarstofu og er nú sömu upplýsingum skilað til Barna- og fjölskyldustofu. Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarþjónusta skv. sískráningu þjónustanna á fyrstu sex mánuðum árána 2021, 2022 og 2023. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarþjónustanna sem birtast árlega á vefsíðu Barna- og fjölskyldustofu.

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta voru 16,8% fleiri á fyrstu sex mánuðum ársins 2023 miðað við sama tímabil ársins á undan. Tilkynningum fjölgaði í öllum landslutum á tímabilinu en mest til barnaverndarþjónusta á höfuðborgarsvæðinu eða um 24%, samanborið við fyrsta hálfu árið 2022. Líkt og fyrri ár voru flestar tilkynningar á fyrstu sex mánuðum ársins 2023 vegna vanrækslu, eða 41,2% allra tilkynninga. Þetta hlutfall var 42,9% á sama tímabili bæði árin 2022 og 2021. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis á fyrstu sex mánuðum ársins 2023 var 26,2%, heldur lægra hlutfall en á sama tímabili árin áður. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 32% á fyrstu sex mánuðum ársins 2023. Tilkynningar þar sem heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu voru 46 eða 0,6% allra tilkynninga.

Tilkynningum vegna líkamlegrar vanrækslu fjölgaði um 46,8% á fyrsta hálfu ári 2023 miðað við sama tímabil árið 2022, úr 109 í 160 tilkynningar. Tilkynningum vegna umsjónar og eftirlits fjölgaði um 13,1%. Við slíkum tilkynningum er merkt hvort að tilkynning berist vegna þess að foreldri er í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu og átti það við í 39,7% tilvika. Tilkynningar á fyrsta hálfu árinu 2023 vegna ofbeldis voru 5,5% fleiri en á sama tímabili árið 2022. Tilkynningum vegna líkamlegs ofbeldis fjölgaði um 17,1%, vegna tilfinningalegs ofbeldis um 11,8% en fækkaði vegna kynferðisofbeldis um 2,1%.

Mest fjölgaði tilkynningum í flokki áhættuhegðunar á fyrstu 6 mánuðum ársins 2023 samanborið við árið áður. Að auki fjölgaði tilkynningum í öllum undirflokkum, þó minnst vegna neyslu barns þar sem tilkynningum fjölgaði um 2%. Mesti munur var í flokknum *barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu* en slíkum tilkynningum fjölgaði um 56,4%. Í byrjun árs 2023 var bætt við flokknum *barn kemur sér undan forsjá*, tilkynningar sem áður voru flokkaðar saman með flokknum *barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu*. Með tilkomu þessa nýja flokks má sjá að meirihluti barna, á tímabilinu janúar til júní 2023, sem koma sér undan forsjá eru stúlkur, eða 77,2%.

Líkt og áður bárust flestar tilkynningar frá lögreglu eða 35,5% fyrsta hálfu árið 2023. Næst flestar tilkynningar bárust frá skólum þar á eftir heilbrigðisþjónustu, í takt við sama tímabil fyrri ára. Þá má sjá að stór hluti tilkynninga er að berast úr nánasta umhverfi barns. Samanlagður fjöldi tilkynninga frá barninu sjálfu, ættingjum barns, nágörnum og öðru nærumhverfi eru 1.045 eða 13,6% allra tilkynninga.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu sex mánuðum ársins 2023 var 5.946 börn en 5.206 börn árið á undan og 5.478 árið 2021. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

¹ Um mitt ár 2021 varð lagabreyting og eru barnaverndarnefndir nú kallaðar barnaverndarþjónustur. Einhver breyting hefur orðið á umdæmum barnaverndarþjónusta frá því sem var en hefur ekki áhrif á þennan samanburð við fyrri ár.

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022		Fyrstu sex mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.621	38,4	2.471	37,6	2.742	35,7
Nágrenni Reykjavíkur ¹	1.897	27,8	1.737	26,4	2.154	28,0
Landsbyggð	2.312	33,8	2.370	36,0	2.784	36,3
Samtals	6.830	100	6.578	100	7.680	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.


Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022		Fyrstu sex mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	3.590	52,6	3.569	54,2	4.092	53,3
Stúlkur	3.183	46,6	2.980	45,3	3.536	46,0
Stálp ¹	2	<0,1	4	0,1	6	0,1
Ekki vitað ²	55	0,8	25	0,4	46	0,6
Samtals	6.830	100	6.578	100	7.680	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi tilkynninga



¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022		Fyrstu sex mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.050	37,4	1.821	35,0	2.039	34,3
Nágrenni Reykjavíkur ¹	1.516	27,7	1.412	27,1	1.743	29,3
Landsbyggð	1.912	34,9	1.973	37,9	2.164	36,4
Samtals	5.478	100	5.206	100	5.946	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022		Fyrstu sex mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	2.915	42,7	2.817	54,1	3.185	53,6
Stúlkur	2.527	37,0	2.365	45,4	2.717	45,7
Stálp ¹	2	<0,1	4	0,1	4	<0,1
Ekki vitað ²	34	0,5	20	0,4	40	0,7
Samtals	5.478	100	5.206	100	5.946	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022		Fyrstu sex mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ákveðið var að hefja könnun²	3.849	70,3¹	3.259	62,6¹	3.734	62,8
<i>Drengir</i>	1.955	50,9	1.699	52,1	1.907	51,1
<i>Stúlkur</i>	1.869	48,6	1.547	47,5	1.795	48,1
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	25	0,7	13	0,4	32	0,8
Þar af nýjar kannanir	1.677	30,6¹	1.621	31,1¹	1.978	33,3
<i>Drengir</i>	834	49,7	821	50,6	1.025	51,8
<i>Stúlkur</i>	825	49,2	793	48,9	934	47,2
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	18	1,1	7	0,4	19	1,0

¹Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

²Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

³Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Ástæður tilkynninga¹

Barnaverndarþjónustur flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu, ofbeldi, áhættuhegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

	Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022		Fyrstu sex mánuðir 2023	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	2.927	42,9	2.821	42,9	3.163	41,2
Ofbeldi	1.907	27,9	1.903	28,9	2.007	26,2
Áhættuhegðun barna	1.939	28,4	1.825	27,8	2.458	32,0
Vegna ófædds barns	55	0,8	25	0,4	46	0,6
Alls	6.830¹	100	6.578¹	100	7.680¹	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 2 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju árið 2021, 4 árið 2022 og 6 árið 2023. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunni hér að ofan en eru inn í heildarfjölda tilkynninga.

Ástæður tilkynninga, undirflokkar

Líkt og áður segir má aðeins merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru raktar, bárust 4 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunum hér að neðan.

Vanræksla, undirflokkar	Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022		Fyrstu sex mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	2.927		2.821		3.163	
<i>Drengir</i>	1.508	51,5	1.523	54,0	1703	53,8
<i>Stúlkur</i>	1.419	48,5	1.298	46,0	1460	46,2
Líkamleg vanræksla	114		109		160	
<i>Drengir</i>	54	47,4	70	64,2	89	55,6
<i>Stúlkur</i>	60	52,6	39	35,8	71	44,4
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	2.522		2.416		2.733	
<i>Drengir</i>	1.328	52,7	1.290	53,4	1486	54,4
<i>Stúlkur</i>	1.194	47,3	1.126	46,6	1247	45,6
Þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu	1.009		902		1.085	
<i>Drengir</i>	534	52,9	488	54,1	570	52,5
<i>Stúlkur</i>	475	47,1	414	45,9	515	47,5
Vanræksla varðandi nám	186		194		169	
<i>Drengir</i>	80	43,0	93	47,9	86	50,9
<i>Stúlkur</i>	106	57,0	101	52,1	83	49,1
Tilfinningaleg vanræksla	233		187		201	
<i>Drengir</i>	114	48,9	106	56,7	94	46,8
<i>Stúlkur</i>	119	51,1	81	43,3	107	53,2


Ofbeldi, undirflokkar	Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022		Fyrstu sex mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ofbeldi	1.907		1.903		2.007	
<i>Drengir</i>	906	47,5	869	45,7	981	48,9
<i>Stúlkur</i>	1001	52,5	1034	54,3	1026	51,1
Tilfinningalegt ofbeldi	1.096		1.024		1.145	
<i>Drengir</i>	562	51,3	487	47,6	570	49,9
<i>Stúlkur</i>	534	48,7	537	52,4	572	50,1
þar af hálfu náins aðila ¹	555		472		456	
<i>Drengir</i>	300	54,1	232	49,2	223	48,9
<i>Stúlkur</i>	255	45,9	240	50,8	233	51,1
Líkamlegt ofbeldi	489		550		644	
<i>Drengir</i>	271	55,4	321	58,4	371	57,6
<i>Stúlkur</i>	218	44,6	229	41,6	273	42,4
þar af hendi náins aðila ²	-		157		202	
<i>Drengir</i>	-	-	88	56,1	119	58,9
<i>Stúlkur</i>	-	-	69	43,9	83	41,1
Kynferðisofbeldi	390		345		338	
<i>Drengir</i>	114	29,2	86	24,9	87	25,7
<i>Stúlkur</i>	276	70,8	259	75,1	251	74,3
þar af hendi náins aðila ²	-		99		43	
<i>Drengir</i>	-	-	18	18,2	9	20,9
<i>Stúlkur</i>	-	-	81	81,8	34	79,1
þar af stafrænt kynferðisofbeldi ²	-		43		12	
<i>Drengir</i>	-	-	11	25,6	4	33,3
<i>Stúlkur</i>	-	-	32	74,4	8	66,7

¹Hér hefur orðið breyting á orðnotkun. Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hálfu náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðnotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila

²Hér er um að ræða nýja skráningu og því ekki til fyrir fyrri ár.

Áhættuhegðun barna, undirflokkar	Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022		Fyrstu sex mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Áhættuhegðun barna	1.939		1.825		2.458	
<i>Drengir</i>	1.172	60,4	1.177	64,5	1408	57,3
<i>Stúlkur</i>	767	39,6	648	35,5	1050	42,7
Neysla barns á vímuefnum	301		306		312	
<i>Drengir</i>	180	59,8	180	58,8	152	48,7
<i>Stúlkur</i>	121	40,2	126	41,2	160	51,3
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	685		574		806	
<i>Drengir</i>	301	43,9	286	49,8	346	42,9
<i>Stúlkur</i>	384	56,1	288	50,2	460	57,1
Barn kemur sér undan forsjá	-		-		92¹	
<i>Drengir</i>	-	-	-	-	21	22,8
<i>Stúlkur</i>	-	-	-	-	71	77,2
Afbrot barns	396		337		500	
<i>Drengir</i>	274	69,2	256	76,0	368	73,6
<i>Stúlkur</i>	122	30,8	81	24,0	132	26,4
Barn beitir ofbeldi	415		444		524	
<i>Drengir</i>	343	82,7	379	85,4	419	80,0
<i>Stúlkur</i>	72	17,3	65	14,6	105	20,0
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	190		201		295	
<i>Drengir</i>	92	48,4	102	50,7	139	47,1
<i>Stúlkur</i>	98	51,6	99	49,3	156	52,9

¹Hér er um að ræða nýjan flokk en sambærilegar tilkynningar voru áður flokkaðar sem *barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu*.



Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu

Fram til ársins 2021 var tilkynnandi beðinn um að meta hvort hann teldi barn í yfirvofandi hættu. Frá og með 1. janúar 2021 er það hlutverk barnaverndarstarfsmanna að meta hvort þeir telji barn í yfirvofandi hættu

	Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022		Fyrstu sex mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	374		381		407	
<i>Drengir</i>	169	45,2	215	56,4	218	53,6
<i>Stúlkur</i>	187	50,0	164	43,0	186	45,7
<i>Stálp eða ekki vitað¹</i>	18	4,8	2	0,5	3	0,7

¹ Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Tilkynnendur

	Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022		Fyrstu sex mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnið sjálft	34	0,5	29	0,4	32	0,4
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	342	5,0	290	4,4	215	2,8
Nágrannar	410	6,0	359	5,5	265	3,5
Annað nærumhverfi barns ¹	-	-	326	5,0	533	6,9
Önnur barnaverndarþjónusta	72	1,1	91	1,4	104	1,4
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	187	2,7	200	3,0	246	3,2
Lögregla	2.512	36,8	2.354	35,8	2.726	35,5
Skólaþjónusta	1.118	16,4	1.053	16,0	1.294	16,8
Leikskóli/gæsluforeldri	132	1,9	114	1,7	174	23,8
Íþróttá- eða tómstundastarf ¹	-	-	33	0,5	23	0,3
Heilbrigðisþjónusta	758	11,1	761	11,6	989	12,9
Foreldrar barns	512	7,5	492	7,5	551	7,2
Aðrir	753	11,0	476	7,2	528	6,9
Samtals	6.830	100	6.578	100	7.680	100

¹Hér er um að ræða nýja skráningu og því ekki til fyrir fyrri ár.